

## 115. fundur skólanefndar þriðjudaginn 14.september 2011 kl.17:00 í Ráðhúsi Stykkishólmsbæjar

Mættir: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskólans, Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leikskólans, Hrefna Frímansdóttir, Sigurður R. Bjarnason, Áslaug Kristjánsdóttir, Haukur Garðarsson, Auður Vésteinsdóttir áheyrnarfulltrúi Helgafellssveitar Sesselja Kristinsdóttir fulltrúi kennara í grunnskólanum og Elín Guðrún Pálsdóttir fulltrúi kennara í leiksskólanum.

Fundargerð ritaði Áslaug Kristjánsdóttir

Formaður setti fund kl. 17:00

### 1. Skýrsla skólastjóra Grunnskóla Stykkishólms:

- a) Hvernig fer starfið af stað, Gunnar tók til máls og sagði frá því að ráðnir hefðu verið sex starfsmenn:fjórir kennarar Sara Jóhannsdóttir, Hildur Sigurðardóttir, Elín Ragna Þórðardóttir , Anna Margrét Ólafsdóttir og einnig voru ráðnir tveir starfsmenn heilsdagsskóla – Hafrún Brá Hafsteinsdóttir og Ólafur Torfi. Það eru 25-29 krakkar í heilsdagsskólanum. Arnþór Pálsson aðstoðar þar líka þegar sem flest börn eru og mesta álagið.
  - I. Sólrún Júlíusdóttir er komin í 50% vinnu og er að stórum hluta inn í verkefnaveri GSS. Verkefnaverinu stjórnar Sesselja Kristinsdóttir kennari..
  - II. Nemendur 159 nemendur fækkun upp á fjóra nemendur. Eyþór Óskarsson var kosinn formaður nemendaráðs og Nökkvi Freyr formaður íþróttaráðs.
  - III. Foreldrastarfið. Foreldrafundir voru nokkuð vel sóttir fyrsti stjórnarfundur er í dag, Nýjar reglur foreldrafélags frá því í maí 2011 og í vinnslu eru foreldrahandbækur. Magnús Ingi mun gefa kost á sér áfram sem formaður og fagnaði skólastjóri því sérstaklega. Skólaráð hefur haldið sinn fyrsta fund, sjá fundargerð á heimasíðu GSS.
  - IV. Annað
    - a. Skóladagatal 2011 – 2012 er komið með fasta punkta og enn verið að setja inn punkta, dansskólinn við það að koma inn og fleira
    - b. Önnur mál ! Elín Pálsdóttir sagði frá að nú á haustdögum komi út skýrsla sem sýnir fylgni á milli námsárangurs og niðurstöðu úr HJÓM-2 málþroskaprófi. Þetta próf hefur verið notað hér í leikskólanum undanfarin ár.

### 2. Innra mat Grunnskóla Stykkishólms

- a) Gunnar skólastjóri grunnskólans lagði fram Innra mat - umbótaáætlun GSS og eru áherslur í henni í samræmi við uppbyggingarstefnuna „Uppeldi til ábyrgðar“.

### 3. Skýrsla skólustjóra Leikskóla Stykkishólms:

- a) Barnafjöldi:  
Börnin eru nú 57. Aðlögun stendur yfir á yngstu deildinni en er að mestu leiti lokið á eldri deildum
- b) Daglegt leikskólastarf:  
Vetrarstarfið er að hefjast og hópastarf, val og önnur starfssemi er að komast í gang.
- c) Sérfræðingar:  
Við höfum sömu sérfræðinga og síðast liðinn vetur, Ástu Sigurbjörnsdóttur og Ingu Stefánsdóttur.
- d) Heimsóknir:  
Við eigum von á heimsókn frá Greiningar-og ráðgjafarstöð ríkisins, fimmtudag 15. september, til þess að fylgjast með einu barni hjá okkur.  
Á föstudag kemur heimsókn frá leikskólanum Steinahlíð.
- e) Mannaráðningar:  
Nýtt starfsfólk hefur þegar hafið störf. Það eru:  
Sara Diljá Hjálmarsdóttir  
Birta Antonsdóttir  
Rósa Kristín Indriðadóttir  
Jónína A. Víglundsdóttir og  
Auður Vésteinsdóttir.  
Þessir starfsmenn eru í mismunandi miklu starfshlutfalli og dreifast á deildir.  
Þær sem hafa hætt á árinu eru:  
Bryndís Benediktsdóttir  
Líney Benediktsdóttir  
Guðbjörg Valsdóttir og  
Karín Rut Bæringsdóttir
- f) Skóladagatal.  
Kennarar og leiðbeinendur leikskólans, hafa farið í tvær náms-og kynnisferðir á liðnum árum. 2004 fórum við til Skotlands og 2007 fórum við til Örebro í Svíþjóð.  
Á þessum ferðum höfum við kynnt okkur leikskólastarf viðkomandi þjóða og farið á námskeið. Þetta hefur aukið við reynslu okkar allra og margt sem við höfum notað okkur beint í starfi. Nú er komið að þriðju ferðinni okkar og höfum við hug á að fara til Gautaborgar í Svíþjóð. Þar gefst okkur tækifæri á að hitta leikskólafólk og fræðimenn sem eru mjög framarlega í sínu fagi.

Til þess að okkur nýtist þessi ferð sem skildi þyrftum við að taka tvo starfsdaga í senn og legg ég það hér fram með skóladagatalinu okkar. Því miður er þetta ekki samhliða starfsdögum grunnskólans þar sem þeirra námsferð er að hausti en okkar ferð yrði að vorlagi, tvo daga samhliða sumardeginum fyrsta. Það er von mín að nefndarmenn taki vel í þessa tillögu okkar.

Skólanefnd telur sér ekki fært á öðru en að samþykkja skóladagatalið frá leikskóla til að gæta jafnræðis á milli skóla, og er þar átt við starfsdagana sem ekki í fara saman eins og hafði þó verið rætt, en báðir skólar eru að fara í námsferð á sitthvorum tíma skólaársins og nota til þess starfsdagana.

Skólanefnd harmar það að ekki skuli hafa tekist að samræma starfsdaga skólanna þriggja fyrir komandi starfsár 2011-2012. Nefndin telur afar mikilvægt að sú skipan verði höfð á, að næsta vor komi skólastjórnir allar þrjár saman með fyrstu drög að starfsdögum fyrir skólaárið 2012-2013 og vinni að samræmingu þeirra.

Ályktun skólanefndar vegna sumarlokunar leiksskóla Stykkishólmsbæjar.

Sumarlokun leiksskóla Stykkishólmsbæjar var rædd á fundi nefndarinnar 14. september 2011. Í tilefni þeirrar umræðu var samþykkt að senda þessa ályktun til Stykkishólmsbæjar.

Undanfarin ár hefur farið fram umræða í skólanefnd um lokun leiksskólans og telur nefndin að gott væri ef bæjarstjórn myndaði stefnu um þessi mál þannig að foreldrar gengu að því vísu hvort og hve lengi leikskólinn væri lokaður að sumri til og það væri ekki verið að taka þessi ákvörðun frá ári til árs. Skólanefnd vill líka skora á bæjarstjórn að láta athuga hve mikill kostnaður fælist í því að hafa leiksskólann lokaðan í fjórar vikur í stað fimm og gera þá ráð fyrir þeim kostnaði í fjárhagsáætlun næsta árs. Skólanefnd vill einnig hvetja til þess að athugað verði með rekstur gæsluvallar þann tíma sem leiksskólinn er lokaður.

#### **4. Skólastefna Stykkishólmsbæjar**

- a) Umræður voru í nefndinni um skólastefnu Stykkishólmsbæjar. Þar sem hún þarf að vera í stöðugri endurskoðun og margir aðilar koma að henni var ákveðið að nefndarfulltrúar kynntu sér skólastefnu Stykkishólmsbæjar og handbók um gerð skólastefnu.

## 5. Önnur mál.

- a) Skólavogin – kynning frá formanni; Hrafnhildur sagði frá kynningunni sem hún fór á 05.09.sl., hjá Sambandi ísl. Sveitarfélaga, nokkurs konar Gallup fyrir skólana sem samanburðar tæki á milli skóla. Skólavogin er ekki bara samanburðartæki varðandi viðhorf nemenda, foreldra og starfsfólks heldur líka ýmsa rekstrarþætti skólans og þannig m.a. hægt að sjá og bera saman t.d. kostnað per nemanda á milli skóla sem er mikilvægt atriði ekki síst þegar skólamálin eru þetta stór þáttur í fjármálum bæjarfélagsins. Þannig er Skólavogin heildstæðara verkfæri til samanburðar en þær þær litlu kannanir sem eru gerðar. Frestur hefur verið framlengdur til 05.12.2012 fyrir bæjarfélög til að tilkynna þátttöku sína.
- b) Fundartími skólanefndar; verði áfram annar miðvikudagur í mánuði kl: 17:00. Næsti fundur verður samt haldinn mánudaginn 10.október vegna fjarveru nefndarmanna á venjulegum fundardegi.

Fundi slitið kl. 19:00

Fundargerð ritaði Áslaug I. Kristjánsdóttir

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir (sign),

Sigurður R. Bjarnason (sign),

Hrefna Frímansdóttir (sign),

Áslaug Kristjánsdóttir (sign),

Haukur Garðarsson (sign),

Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskólans (sign),

Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leiksskólans (sign),

Auður Vésteinsdóttir áheyrnarfulltrúi Helgafellssveitar (sign),

Elín Guðrún Pálsdóttir fulltrúi kennara í leiksskólanum (sign),

Sesselja Kristinsdóttir fulltrúi kennara í grunnskólanum (sign).